

Sp.

927. Nefndarálit

[235. mál]

um till. til þál. um menntastofnun á sviði matvælaíðnaðar, hótél-, veitinga- og almennrar ferðamannaþjónustu.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Sambandi veitinga- og gistihúsa, Ferðamálaráði Íslands og Félagi íslenskra kjötiðnaðarmanna.

Í umsögn Sambands veitinga- og gistihúsa kemur fram sú skoðun að Hótél- og veitingaskóli Íslands hafi nægu hlutverki að gegna og því sé ekki rétt að bæta við öðrum starfsstéttum. Í umsögn Ferðamálaráðs Íslands kemur fram að undanfarna mánuði hafi starfað nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins að því að gera tillögur um framtíðarskipun þessara mála innan skólakerfisins. Sú nefnd muni nú vera að vinna að tillögum til ráðherra um þessi mál.

Nefndin telur nauðsynlegt að auka menntun þeirra starfsstétta sem þingsályktunartilaga þessi fjallar um. Eins og fram kemur hér að framan er hins vegar ljóst að það þarfnast vandlegrar athugunar hvernig heppilegast er að koma þessari menntun fyrir og fleiri en ein leið koma til greina í þeim efnum. Í trausti þess að ríkisstjórnin hraði þeirri athugun er lagt til að tillöggunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 13. mars 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson,
form., frsm.

Garðar Sigurðsson,
fundaskr.

Þórarinn Sigurjónsson.

Kristín S. Kvaran.

Björn Dagbjartsson.

Davíð Aðalsteinsson.